



# Skipulags- og byggingarnefnd Fundargerð

Fundur nr.106 haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, þriðjudaginn 11.nóvember 2014 klukkan 15:00.

Mættir eru nefndarmenn: Jóhannes Gissurarson formaður nefndarinnar, Guðbrandur Magnússon, Davíð Andri Agnarsson, Páll Jónsson, Kristbjörg Hilmarsdóttir og Vigfús Þ. Hróbjartsson fulltrúi skipulags -og byggingarmála.

## Dagskrá:

### Byggingarmál:

#### 1. Iðjuvellir 1 – byggingarleyfi

Oliúfélag Íslands sækir um byggingarleyfi á lóð Iðjuvalla 1 - 222445 samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

*Byggingaráform eru samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu.*

### Skipulagsmál:

#### 2. Syðri-Steinsmýri 1 – Stofnun lóðar / landskipti

Magnea V. Svavarsdóttir fh. Fjármála og efnahagsráðuneytis sækir um umsögn/samþykki sveitarstjórnar Skaftárhrepps vegna landskipta úr jörð Syðri-Steinsmýri landnr.163459 samkv. meðfylgjandi gögnum.

Nefndin telur að meðfylgjandi gögn séu ekki fullnægjandi og gerir þar af leiðandi eftirfarandi athugasemdir vegna viðkomandi landskipta:

- Nefndin telur nauðsynlegt að samþykki eigenda aðliggjandi jarða liggi fyrir, þar sem landamerki eru tiltekin á uppdrætti landskipta.
- Ekki er tiltekið í umsókn hvernig hlunnindi skiptast á milli upprunalands og þess lands sem stofna á úr upprunalandi 163459. Í tengslum við þessi landskipti vísar nefndin í aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022 þar sem segir í kafla 2.1.

*„Stöðu landbúnaðar sem atvinnugreinar þarf að styrkja og leita leiða til uppbyggingar ýmissa stöðgreina hans þ.a.m. með þróun hefðbundinna búgreina í sátt við umhverfið auk þess sem hliðargreinar verði eflar...“*

Telur nefndin að svipting hlunninda af upprunalandi skerði verulega nytjarétt lóðahafa m.t.t nýtingu þeirra og takmarki hugsanlega nýtingu ábúenda ef horft er til hliðargreina s.s. ferðaþjónustu.

Að öðru leyti gerir nefndin ekki athugasemdir við landskipti þessi og vísar málinu til afgreiðslu sveitarstjórnar.

#### 3. Suðrhálendi Svæðisskipulag

Sveitarfélögin Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Skaftárhreppur hafa unnið sameiginlega stefnumörkun fyrir stóran hluta af hálendis svæðum sveitarfélaganna sem nefnist Rammaskipulag Suðrhálendis, dags. 2. mars 2013. Rammaskipulagið tekur til stefnumörkunar í skipulags- og byggingarmálum á Suðrhálendinu, einkum á sviði ferðaþjónustu og samgangna. Sveitarfélögin hafa rætt um sín á milli að vinna svæðisskipulag fyrir Suðrhálendið á grunni fyrirliggjandi rammaskipulags. Svæðisskipulag miðhálendis Íslands sem gildir til 2015, fellur úr gildi á næsta ári og því brýn þörf á að styrkja skipulag svæðisins með gerð svæðisskipulags fyrir landsvæði sveitarfélaganna þriggja á Suðrhálendinu.

*Skipulags –og byggingarnefnd beinir því til sveitarstjórnar að vinna að gerð svæðisskipulags fyrir Suðurhálandið skv. 21. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fari til framkvæmdar með tilliti til Rammaskipulags suðurhálandisins. Svæðaskipulagið verði unnið í samstarfi við Rangárþing eystra og Rangárþing Ytra. Nefndin leggur til að fulltrúi verði tilnefndur í svæðisskipulagsnefnd í samræmi við 9.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auk þess sem fulltrúi skipulags –og byggingarmála vinni með nefndinni.*

#### **4. Hörðubreiðarháls – Stofnun lóðar**

Neyðarlínan kt. 511095-2559 sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar að Hörðubreiðarhálsi samkv. meðfylgjandi lóðarblaði.

*Samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu í samráði við forsætisráðuneytið.*

#### **5. Aðalskipulag Skaftárhrepps – Breyting á þéttbýlisupprætti**

Lýsing vegna aðalskipulagsbreytingar á Kirkjubæjarklaustri var samþykkt þann 11.mars 2014 og auglýst til kynningar í kjölfar þess. Athugasemdir bárust sem tekið var tillit til og málinu frestað um óákveðinn tíma. Skipulagsbreyting tekin aftur til umræðu fyrir vinnslu tillögu aðalskipulagsbreytingar.

#### **6. Gjaldskrá vegna skipulags –og byggingarmála í Skaftárhreppi.**

Yfirferð gjaldskrár, tekið til umræðu.

#### **7. Fjárhagsáætlun – Yfirferð sveitarstjóra.**

Liður skipulags –og byggingarmála í fjárhagsáætlun kynntur af sveitarstjóra.

### **Önnur mál:**

#### **1. Erindi til umræðu og kynningar - Bílastæði og aðgengi fyrir fatlaða að ýmsum stofnunum og verslunum í sveitafélaginu.**

Fram er lagt erindi til skipulags –og byggingarnefndar vegna aðgengismála í sveitarfélaginu. Tekið til umræðu.

*Nefndin fagnar umræðu um aðgengismál í sveitarfélaginu. Lagt er fyrir fulltrúa skipulags –og byggingarmála að framkvæma úttekt á aðgengismálum fatlaðra í sveitarfélaginu og gera áætlun um úrbætur fyrir fyrsta fund skipulags –og byggingarnefndar árið 2015. Jafnframt er fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að senda fyrirtækjum og stofnunum bréf með ábendingum um úrbætur.*

Ekki fleira gert

Fundi slitið kl. 17: